

**44. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn  
11. október 2023  
og hófst hann kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Jón Ingi Jónsson (JIJ) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, hafnarstjóri

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2308091**

Mál frá 619. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 26.09.2023.

*Verk- og tímaáætlun við vinnu við fjárhagsáætlun 2024-2027 lögð fram.*

**2. Gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2024 - 2309040**

Umræðum haldið áfram frá 43. fundi atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.09.2023.

*Hafnarstjóra falið að gera uppfæra drög að gjaldskrá í samræmi við umræðum á fundinum og leggja fram á næsta fundi nefndarinnar.*

**3. Hafnafundur 2023 - 2309107**

Erindi frá Hafnasambandi Íslands dags. 25.09.2023 þar sem boðað er til 11. hafnafundar sem fram í Hafnarfirði 20.10.2023.

*Lagt fram.*

*Formaður atvinnu- og hafnarnefndar og hafnarstjóri munu sitja fundinn.*

**4. Samstarfsfundir Hafnasambands Íslands og Fiskistofu - 2310042**

Erindi frá Hafnasambandi Íslands dags. 06.10.2023 þar sem greint er frá samráðsfundur Hafnasambands Íslands með Fiskistofu.

*Lagt fram.*

**5. Uppbygging og umgjörð lagareldis, stefna til ársins 2040 - 2310021**

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 04.10.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 182/2023, "Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040".

*Lagt fram.*

**6. Dekkjagötunarvél - 2309083**

44. fundur  
29.01.2024

Erindi frá Sjóþækni dags. 18.09.2023 þar sem kynnt er dekkjagötunarvél sem fyrirtækið hefur tekið í notkun.

*Lagt fram.*

#### **7. Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023 - 2301004**

*Upplýsingagjöfin rædd og þar á meðal um rafmagnsleysi sem varð á Tálknafirði þriðjudaginn 10.10.2023. Vegna þess gerir nefndin eftirfarandi bókun:*

*Þriðjudaginn 10.10.2023 varð langvarandi rafmagnsleysi á Tálknafirði sem hafði áhrif bæði á fólk og fyrirtæki. Rafmagnsleysið varði lengur á Tálknafirði en í nærliggjandi byggðarlögum. Það er óásættanlegt og óskar atvinnu- og hafnarnefnd Tálknafjarðarhrepps eftir skýringum frá Orkubúi Vestfjarða og Landsneti um leið og skorað er á fyrirtækin að gera nauðsynlegar úrbætur.*

#### **8. Fundargerðir Hafnasambands Íslands 2023 - 2301083**

Fundargerð stjórnarfundar Hafnasambands Íslands nr. 456 sem fór fram 19.09.2023.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:35.**

---

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)